

2.1.2. Fyrir tókanettengingu í stað ethernettengingar bætast kr. 5 000,00 við 2.1.1.

2.1.3. Fyrir tókanettengingu auk grunntengingar við sömu gátt bætast kr. 50 000,00 við 2.1.1.

3. gr.

Grein 2.2.3. XI. kafla, Sambönd, orðist svo:

2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. og 2. flokki er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli, sem ákvarðast af flokknum og hraða sendingar:

Flokkur	Hraði (bit/s)	Stuðull	
		1. flokkur	2. flokkur
A1	0-4800	1,00	1,10
A2	4801-9600	1,10	1,21
A3	9601-19200	1,30	1,43
A4	48000-64000	1,60	1,76
A5	2 Mbit/s	9,60	10,56

4. gr.

Auglýsing þessi, sem sett er samkvæmt 9. gr. laga nr. 73/1984 um fjarskipti, svo og 11. gr. laga nr. 36/1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála, sbr. 8. gr. laga nr. 34/1987, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 232/1992 um breytingu á gjaldskrá og reglum fyrir símaþjónustu nr. 13/1992.

Samgönguráðuneytið, 17. júlí 1992.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Árland.

Samkvæmt ósk Borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 10. júní 1992 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1990–2010, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytt er landnotkun á staðgreinireit 1.849.601 úr stofnanasvæði í íbúðasvæði.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur samþykkt að taka að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfisstjórnuneytið, 30. júní 1992.

F. h. r.

Páll Líndal.

Hrafn Hallgrímsson.